

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1155**

2021/EES/22/114

frá 14. júlí 2016

**um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB***(tilkynnt með númeri C(2016) 4363) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE <sup>(1)</sup>, einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB ber lögbærum yfirvöldum aðildarríkis að skrá alla endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í þriðju löndum sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila utan Sambandsins og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað þess aðildarríkis. Í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB er gerð krafa um að aðildarríkin setji slíka endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki undir opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi sín.
- 2) Aðildarríki geta með gagnkvæmu samkomulagi valið að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. og 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki viðkomandi þriðja lands að því tilskildu að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar-, og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í því þriðja landi teljist uppfylla kröfur tilskipunarinnar. Skilyrðin, sem uppfylla þarf til að heimilt sé að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. mgr. og 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB á grundvelli ákvörðunar um jafngildi, eru að jafnaði sett fram í samstarfssamkomulagi, eins og um getur í 3. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á milli aðildarríkisins og opinbers eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfis viðkomandi þriðja lands og tilkynnt framkvæmdastjórninni.
- 3) Í framkvæmdaákvörðun 2013/281/ESB <sup>(2)</sup> taldi framkvæmdastjórnin opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, þ.e. verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga, fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki, jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í aðildarríkjunum. Sú framkvæmdaákvörðun fellur úr gildi 31. júlí 2016. Því ætti að endurmeta jafngildi þessara kerfa.
- 4) Takmörkun á gildistíma framkvæmdaákvörðunar 2013/281/ESB stafaði af skorti á gagnkvæmu trausti á eftirlitskerfunum. Því hefur samstarfsfyrikomulag lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjttíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8).

Bandaríkjanna verið endurskoðað til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra. Frá samþykkt framkvæmdaákvörðunar 2013/281/ESB hafa verið stigin skref í átt að auknu trausti, þ.m.t. skuldbinding um að forðast óþarfa tvíverknað og skilgreina aðferðir við samvinnu sem leiða til aukins trausts til framtíðar.

- 5) Ef um er að ræða félag sem hefur réttarstöðu lögaðila í Bandaríkjunum og er með framseljanleg verðbréf, skráð á skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkis, en sem eru ekki skráð á markað í Bandaríkjunum, ættu aðildarríki að tryggja að allt endurskoðunarstarf, sem tengist reikningsskilum slíks félags, falli undir samstarfssamkomulag sem gert hefur verið við lögbær yfirvöld Bandaríkjanna til að ákvarða hvaða opinbera eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi mun gilda um endurskoðendur slíkra félaga. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækni annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs ættu viðkomandi aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs einhvers opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- eða viðurlagakerfa þeirra. Þetta fyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin komi á samstarfssamkomulagi um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.
- 6) Hvers konar niðurstaða um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þriðja lands, skv. 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, hefur ekki forgang fram yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja, samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, varðandi það hvort kröfur, sem lögbær yfirvöld þess þriðja lands uppfylla, séu fullnægjandi.
- 7) Lokamarkmið samvinnu á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og Bandaríkjanna á sviði opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni er að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi þeirra.
- 8) Framkvæmdastjórnin hefur, með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda, framkvæmt jafngildismat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni. Matið var unnið í ljósi þeirra krafna, sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni í aðildarríkjunum. Opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni, uppfylla kröfur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. þeirrar tilskipunar.
- 9) Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna hefur valdheimildir að því er varðar eftirlit með starfsemi opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga.
- 10) Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fyrirhuga frekara mat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum aðildarríkja áður en þau ákveða að treysta á það eftirlit sem framkvæmt er af lögbærum yfirvöldum þeirra. Með tilliti til þess að undanþágan, sem kveðið er á um í 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, er byggð á meginreglunni um gagnkvæmni ætti því að endurskoða samstarfsfyrirkomulagið milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars. Við þá endurskoðun ætti einnig að taka til greina hvort aðildarríkin hafi átt í erfiðleikum með að hljóta viðurkenningu um jafngildi frá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum að því er varðar opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi þeirra fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni. Af þessari ástæðu ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.
- 11) Þrátt fyrir tímamörkin mun framkvæmdastjórnin fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og reglusetningarsamvinnunnar. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð, eins og við á í ljósi breytinga á eftirliti og reglusetningu í Sambandinu og í Bandaríkjunum, að teknu tilliti til tiltækra, viðeigandi heimilda. Sú endurskoðun kann að leiða til þess að yfirlýsing um jafngildi verði dregin til baka.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skulu opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki teljast uppfylla kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. þeirrar tilskipunar.

*2. gr.*

Ákvæði 1. gr. skulu ekki að hafa áhrif á samstarfssamkomulag um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.

*3. gr.*

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2022.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jonathan HILL

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_